

1.3 STENSIL

MYND OG TEXTI MEÐ KASSA UTAN UM SKORINN Í VEGGJAVÍNYL
TIL AÐ BÚA TIL STENSIL



HVAÐ ÞARF:

- + INKSCAPE-FORRIT
- + VÍNYLSKERA
- + VEGGJAVÍNYL
- + PLOKKTÓL
- + TRANSFER TAPE

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST




MYND AF TEIKNINGUNNI Í INKSCAPE

OPNAÐU INKSCAPE

AÐ STILLA VINNUSVÆÐIÐ

1. Farðu í **File** og veldu Document Properties.
2. Stilltu mælieiningar í mm.
3. Stilltu breidd og hæð í 150.





AÐ BÚA TIL KASSA

1. Veldu ferkantaða formið vinstra megin á skjánum.
2. Smelltu á skjáinn og hreyfðu músina til að teikna kassann.
3. Stilltu breidd og hæð í 145 mm.
4. Færðu kassann inn á vinnusvæðið.
5. Litaðu kassann með því að velja hann og ýta á gulan á litastikunni neðst á skjánum.



AÐ GERA TEXTA

1. Veldu A-merkið.
2. Smelltu á skjáinn og skrifaðu texta.
3. Prófaðu mismunandi leturgerðir með Font.



AÐ SNÚA TEXTA

1. Smelltu á textann á meðan hann er þegar valinn, þá birtast snúnings örvar.
2. Notaðu snúnings örvarnar til að snúa textanum eins og þú vilt hafa hann.
3. Færðu textann inn á kassann, passaðu að hafa pláss fyrir myndina fyrir neðan og textann ekki of nálægt brúninni.

Ilmar
Sumarsins



Ilmar
Sumarsins




AÐ SETJA INN MYND

1. Finndu mynd á Google.
2. Leitaðu að mynd að eigin vali en skrifaðu leitartextann „black and white“ eða „silhouette“ í leitina.
3. Mundu að nota mynd með leyfi höfundar. (sjá verkefni 1).
4. Afritaðu mynd og límdu í Inkscape. (copy, paste) best að hafa myndina sem skýrasta.

AÐ BREYTA MYND Í VECTOR

1. Veldu myndina.
2. Farðu í **Path** og ýttu á Trace bitmap.
3. Ýttu á OK og skoðaðu afritunina.
4. Breyttu stillingum ef afritun er óskýr.
5. Eyddu upprunalegu myndinni.
6. Til að passa hlutföll formsins er hægt að læsa þeim með því að ýta á lásinn í valstikunni.
7. Breyttu stærð myndarinnar svo hún passi inn á kassann fyrir neðan textann, passaðu að hafa myndina ekki of nálægt brúninni.



AÐ SAMEINA

1. Veldu textann og myndina.
2. Farðu í **Path** og veldu Union.

AÐ TAKA FRÁ

1. Veldu kassann, textann og myndina.
2. Farðu í **Path** og veldu Difference.

Textinn og myndin hverfa úr kassanum.




AÐ GERA SKURÐLÍNU

Skurðarlínur eiga alltaf að vera RAUÐAR og 0.020 mm.

1. Veldu myndina.
2. Farðu í **Object** og veldu Fill and Stroke.
3. Taktu Fill af með því að smella á Fill og ýta á **x**.
4. Farðu í Stroke paint og veldu Flat color og stilltu rauðan í fullt (255).
5. Farðu í Stroke style og stilltu á 0.020 mm.

Myndin gæti litið út fyrir að hafa horfið en ef þú þysjar inn sérðu að útlínurnar eru einungis mjög mjóar.



AÐ VISTA VERKEFNIÐ

1. Farðu í **File** og veldu Save as.
2. Veldu nafn á verkefnið.
3. Í Save as type er valið .pdf
4. Ýttu á Save.
5. Þá opnast gluggi sem þú stillir svona:
6. Smelltu á OK.

